



# Tímabundið starfsleyfi

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með leyfi til neðangreinds:

**Leyfishafi:** Bláskógabyggð,  
kt: 510602 4120

**Vegna:** Flugeldasýningar og brennu við vatnsbakkan neðan  
Hrísholts, Laugarvatni

**Ábyrgðaraðili:** Sölvi Arnarson, kt. 031081 3279,  
sími: 862 1626 / 486 1386

**Starfsemi:**  
Flugeldasýning  
Brenna

**Leyfið gildir:**  
31.12.2018, kl. 21:30-24:00  
31.12.2018, kl. 21:30-24:00

Starfsemin skal uppfylla neðangreind starfsleyfisskilyrði.

## Flugeldasýning:

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir flugeldasýningu er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögregluyfirvalda fyrir sýningunni.
2. Skilyrt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að hún valdi sem minnstu ónæði.
3. Óheimilt er að hefja flugeldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
4. Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

## Brenna:

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi sýslumannsembættis fyrir brennunni.
2. Ábyrgðarmaður brennu skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna stendur yfir og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
3. Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 15m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
4. Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni og ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleiðslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400



m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri eða sinu.

5. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmist ekki.
6. Fyllstu varúðar skal gætt við bálköst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
7. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmatur.
8. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Óheimilt er að nota hvers konar úrgangsolíu hvort heldur sem er til uppkveikju eða til að viðhalda loga.
9. Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

#### **Almennt:**

1. Leyfishafa er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemi gilda á hverjum tíma og eftir frekari fyrirmælum, eftir því sem við á, heilbrigðiseftirlits, sveitarfélags, byggingarnefndar og/eða Brunavarna um staðsetningu, tímasetningu og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.
2. Breytingar á staðsetningu eða tímasetningu viðburðar skulu gerðar í samráði við leyfisveitendur.
3. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Selfossi, 20. desember 2018,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

# Bláskógabyggð

kt. 510602 4120

Aratungu, 801 Selfoss

vegna flugeldasýningar og brennu neðan Hrísholts á Laugarvatni  
þann 31. desember 2018.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 21. nóvember sl. umsókn Sigurrósar H. Jóhannsdóttur f.h. Bláskógabyggðar, kt. 510602 4120, um tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu og brennu við vatnsbakkann neðan Hrísholts á Laugarvatni. Embættið hefur áður gefið út tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu og brennu á sama stað á vegum sama aðila.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 21. nóvember sl. á heimasíðu embættisins, [www.hsl.is](http://www.hsl.is). Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og ákvæði reglugerðar nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Í starfsleyfisskilyrðum eru m.a. ákvæði um eftirlit með söfnun í bálköst, leyfilegan eldsmat, mengunarvarnir og hreinsun að brennu lokinni auk ákvæða um lágmarksfjarlægð frá íbúðarbyggð, matvælaframleiðslu og öðrum viðkvæmum rekstri.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 21. nóvember sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu. Þann 17. desember sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni